

hann hefði gefið sér tíma til að hugsa. Margt þarf með, ef maðurinn á að geta orðið sem bestur borgari í hvaða helzt þjóðlífi sem er. Einhverjir kunna nú að líta svo á, að það fari eftir því, hvernig þjóðfélagið er. En svo er eigi. Maðurinn hefir engan rétt til þess að mæla sig við þjóðfélagið. Setji hann sér það markmið, að verða sem bestur borgari í þjóðfélaginu, þá er þjóðfélagið eigi lengur mælikvarðinn.

Flestum mun skiljast, að til þess að verða sem mestur og bestur borgari, er eigi nóg, að taka eingöngu líkamlegum framförum, að verða vinnumaður góður, þrifnaðar búmaður eða jafnvel efnamaður. Það er eigi nóg að vera löghlýðinn, semja sig eftir lifnaðarháttum einnar þjóðar eða staðháttum eins lands, heldur þarf líka að taka sem mestum vitsmunalegum og andlegum þroska og afla sér sem mestrar og sannastrar þekkingar. Réttlætis meðvitundin þarf að vera vel vakandi og skilningurinn glöggur og skýr. Hið fyrra ber að gjöra, en hið síðara eigi ógjört að láta. Fyrsta sporið í áttina til þess að geta tekið þessum framförum, er að rannsaka og læra að þekkja sjálfan sig. Hefir maðurinn þá að mörgu leyti örlög sín í eigin hendi. En sá fær aldrei fullkomlega þekt sjálfan sig, er eigi skilur eða þekkir neitt til sögu þeirrar þjóðar, sem hann er kominn af. Þetta er fyllilega viðurkent, sem sýnir sig í því, að hvarvetna meðal mentaðra þjóða er saga og bókmentir þjóðanna lagt til grundvallar fyrir sjálfri ment-

uninni, við hinar æðri skólastofnanir hennar. Fyrst þetta er nú svo, þá leiðir það sem af sjálfu sér, að til þess að Íslendingar fái orðið, eigi eingöngu, sem bestir borgarar í hérlandi þjóðlífi, heldur sem fullkomnastir menn, beri þeim að leggja stund á eigin tungu og bókvísi samhliða hérlandri mentun.

Áð með þessu veitist þeim fróðleikur, er eigi verði fenginn með öðru móti, kemur engum til hugar að neita. Og það eigi eingöngu algengur fróðleikur, svo að maðurinn verði að fróðari,—heldur og sjálfs upplýsing. Við lesturinn, við námið, koma þau orð og þau spakmæli, þær hugsanir, þær lífsskoðanir, til móts við lesandann, er verið hafa leiðarljósinn á hinni horfni framsóknar og sigurbraut þjóðarinnar. Ekkert af þessu er huganum framandi, torskilið eður andstætt. Hann kannast strax við það, — af innri ávísan. Hann er þar heima. Þetta er skýring þess lífs, sem hann þekkir, þeirra drauma, tilfinninga og vona. Áður en hann sjálfur var til, áður en dagar hans urðu til, var þetta það sem leiðbeindi, stýrði og styrkti anda horfinna ættingja og frænda. Þetta sumt er sem skilgetin systkini hans, telur sig til sömu feðra og mæðra, sömu nákomnu ættingjanna sem hann sjálfur.

Sérstæðir viðburðir og með öllu fráskildir hinni vanalegu viðburðarás lífsins, eru fágætir. Það er eigi mögulegt að benda á marga þvílíka í mannkynssögunni. En því ótíðari sem þeir eru því undursamlegri og lærdómsríkari eru